

Stjórnarfundur MSÍ

Staður og tími: Fundarherbergi MSÍ - 10. janúar 2022 kl. 20:00

Mætt:

Jónatan Þór Halldórsson (JPH), Guðmundur Gústafsson (GG), Björk Erlingsdóttir (BE), Pétur Smárason (PS), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Daði Þór Halldórsson (DÞH), Sveinn Logi Guðmannsson (SLG), Ingólfur Snorrason (IS)

Fjarverandi:

Karl Gunnlaugsson (KG)

JPH ritaði fundargerð.

1. Fyrir fundinn lagði Pétur Smárason fram tillögu að áriðandi verkefnum fyrir MSÍ og farið var yfir þær tillögur. Tillögurnar eru eftirfarandi
-Afreksmál. Pétur/Jónatan/Ingólfur

- Keppnis dagatal 2022.
- Lög og reglur.
- Mxon 2022. Bína á þetta
- Styrkir til félaga.
- Póstar til félaga.
- Tollamál.
- Tryggingar.
- Markmið og stefna.
- Route 1 Iceland MSÍ verkefni.
- Póstar til keppanda við skráningu í keppni.
- Markaðsmál.
- Efa verði sér Enduro klúbbur.

2. **Verkefnum var skipt á milli stjórnunaraðila**

Afreksmál: Rætt var um stöðu afreksmála hvenig þeim yrði háttað á komandi starfsári. Það sem komið fram á fundi sem tekin var með afreksnefnd ÍSÍ var að flæði fjármagns þarf að byrja hjá MSÍ en ekki hjá undir félögum eins og hefur tíðkast. Var því ákveðið að sá kostnaður sem fellur til af þjálfunar starfi myndi falla á MSÍ en ekki á undir félagi sem myndi í framhaldi rukka MSÍ fyrir þjálfunarkostnaði. Ákveðið var að Pétur / Jónatan / Ingólfur myndu taka það að sér að sjá um afreksmál sambandsins.

Keppnisdagatal 2022: Rætt var up birtingu keppnisdagatals niðurstaðan var að það ætti að fara í loftið ekki seinna en 1 febrúar en stefnt er að gera það á næstu dögum. Framtíðar planið er aftur á móti að gera það í lok hvers starfsárs. **Pétur** mun sjá um dagsetningar fyrir torfæruhjól / **Bjarki** mun sjá um dagsetningar fyrir Snocross / **Kvartmílu Klúbburinn** mun sjá um dagsetningar fyrir götuhjól og sandspyrnu.

Lög og reglur: Tekið var til umræðu lög og reglur keppnis greina og staðan á þeim, nokkur umræða átti sér stað um stöðu hringaksturs og ætla Ingólfur og Sveinn að taka það saman og kynna fyrir stjórn. En almennt samkomulag var að lög og reglur keppnisgreina væru skoðaðar á hverju ári og yfirfarnar.

- Torfæruhjól/ Pétur / Guðmundur / Björk
- Götuhjól/ Ingólfur / Sveinn

Mxon 2022: Sammælt var að Björk myndi taka Mxon að sér aftur í ár og hefja skipulagningu á því.

Styrkir til félaga: Rætt var um styrkveitingu til félaga og hvernig ætti að hafa skipulag á því. Talað var um að jafnvægi þyrfti að komast á hvað varðar styrkja veitingu til félaga. Almenn sátt var um að halda áfram styrkjaveitingu fyrir keppnis hald eins og tíðkast hefur á síðustu tveim árum. En hvað varðar aðra styrki til eflingar á starfi félaga þarf að útfæra betur svo jafnræðis sé gætt. Þetta er verkefni sem stjórnin þarf að leggja í.

Póstar til félaga: Rætt var um að bæta þurfi upplýsingaflæði til félaga og koma almennu skipulagi á þarf að koma skipulagi á þetta og verður tekið á þessu.

Tollamál: Tollamál voru tekin til umræðu og snerist umræðan um vörugjöld á keppnistækjum. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir íþróttagreinir sambandsins einhver vinna var komin af stað á síðasta ári hvað þetta varðar og var tekin ákvörðun að setja meira áherslu á þetta málefni. Og má því gera ráð fyrir að eitthvað þurfi að greiða fyrir sérfræðipækkingu þegar málið kemst lengra. Stjórn / Jónatan / Pétur / Kalli

Tryggingar: Rætt var um stöðu trygginga gangvart iðkendum, en mikil umræða hefur verið um hvort ökumenn sé yfirhöfuð tryggðir í keppnum fyrir slysum sem þeir verða fyrir og er það oft óljóst hvaða tryggingar þurfa að vera til staðar. Það var því samþykkt af stjórninni að Pétur fengi leyfi til að ganga í málið og panta tíma hjá Fullþingi til að fá leiðbeiningar hvaða tryggingar fólk þurfi að hafa til þess að vera slysatryggt í keppnum á vegum sambandsins.

Markmið og stefna: Rætt var um að markmið og stefna sambandsins væri frekar óljós. jafnframt með því að skerpa á stefnu og markmiði sambandsins væri hægt að gera sambandið sýnilegra gagnvart undir félögum og félagsmönnum. Jónatan ætlar að taka það að sér að móta Markmið og stefnu félagsins ásamt stjórninni.

Route 1 Iceland MSÍ verkefni: Varðandi Route 1 Iceland verkefnið sem mun fara af stað í sumar var sammælt um að Verkefnið yrði á vegum MSÍ og yrði jafnframt nýtt til að auka sýnileika sambandsins gagnvart landsbyggðinni og félögum innan sambandsins. Þetta er verkefni sem Pétur hefur verið að setja saman og mun Brian Jörgen sen taka þá í þessu verkefni.

Póstar til keppanda við skráningu í keppni: Rætt var um að bæta þyrfti upplýsingaflæði til keppenda fyrir keppnir, hér um ræðir hvaða reglur gilda og hvað þarf að hafa í huga þegar keppt er. Þetta er verkefni sem stjórnin mun leggja í til að sjá hvað það er sem þarf að berast til keppenda.

Markaðsmál: Markaðsmálin voru rædd og hvernig MSÍ geti tekið á þessu til að auka sýnileika sinn og þess starfs sem er unnið af hálfu sambandsins gagnvart iðkendum og almenningi. Leggja þarf í umtalsverða vinnu til að koma þessu áfram stjórn mun athuga þetta betur.

Efa verði sér Enduro klúbbar : Rætt var um hvernig hægt væri að gera EFA að sjálfbærum viðburðum eins og margar aðrar keppnisgreinar undir MSÍ hafa náð að verða. Hugmynd var að reyna koma á fót sér enduro íþróttafélagi/klúbb til að sinna EFA. Þessi hugmynd er að byrjunarstigi og verður skoðuð nánar.

3. Spurningar komu um sportabler og hver staðan er á þeim málum ekki hefur verið unnið mikið í því. En Eftir fund sem Jónatan og Einar Sig áttu í nóvember á síðasta ári kom í ljós að erfitt gæti reynst að tengja keppnis skráningar við félaga tal sportabler. En markmið sambandsins er að minnka upplýsingar óreiðu sem virðist vera til staðar. Haldið verður áfram að skoða sportabler og hvort það verði eingöngu félagaskráningar kerfi eða eitthvað meira.
4. Lagt var til að fjölga mönnum sem gætu tekið að sér að vera tímavörður á keppnum og var Sveinn tilbúinn að koma sér inn í það í samráði við Togga tímavörð.
5. **Aukaþing í febrúar**
Stefnt á aukaðing TBA 2022.
Lagabreytingar vegna ársreiknings.
Fjárhagsáætlun 2022.
Afreststefnan og framkvæmd hennar.
Stjórn fari vel yfir þessi atriði fyrir næsta fund.
6. **Næsti fundur 7. febrúar 2022 kl. 20:00**

Fleira var ekki tekið fyrir.